



Umsögn

Efni: Þjónustusamningur á milli Þjóðskrár Íslands og Reykjavíkurborgar
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála og áhættustýringarsviðs

Reykjavíkurborg barst bréf, dagsett 4. desember sl., frá Þjóðskrár Íslands varðandi þjónustusamning um þjónustu Þjóðskrár Íslands vegna kerfisreksturs, þróunar og þjónustu við Álagningakerfi sveitarfélaganna.

Hingað til hefur ekki verið í gildi formlegur samningur milli Þjóðskrár Íslands og sveitarfélaganna vegna reksturs kerfisins en ljóst er að nauðsynlegt er að slíkur samningur liggi fyrir milli aðila og þá sérstaklega eftir tilkomu nýrra laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Þjóðskrár Íslands hefur, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, útbúið þjónustusamning vegna Álagningakerfisins sem og viðauka við samninginn sem tekur á atriðum sem lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga gera kröfu um.

Samningurinn

Álagning og innheimta fasteignagjalda fer skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 en þar segir í 1. mgr., 3. gr. að leggja skuli árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári samkvæmt fasteignamatsskrá.

Þjóðskrár Íslands rekur og þróar Álagningarkerfið sem sveitarfélög landsins skulu, samkvæmt sömu lögum nota við álagningu fasteignagjalda.

Hingað til hefur ekki verið í gildi samningur milli Þjóðskrár Íslands og sveitarfélaganna vegna reksturs kerfisins en í lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001 kemur fram í 1.a) mgr., III. kafla í ákvæðum til bráðabirgða að sveitarfélög skulu greiða fasteignamatsgjald fyrir afnot af fasteignamati og kerfi til álagningar fasteignaskatta og fasteignagjalda.

Nýr þjónustusamningur á milli Þjóðskrár Íslands og Reykjavíkurborgar breytir engu hvað varðar framkvæmd eða kostnað við álagningu fasteignaskatts heldur er nýjum samningi ætlað að taka á atriðum sem lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga gera kröfu um.

Samningsaðilar teljast vera sameiginlegir ábyrgðaraðilar í skilningi laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Samningsaðilar bera þó hvor fyrir sig ábyrgð á afmörkuðum þáttum samkvæmt samningnum og viðauka hans.

Samningurinn sjálfur skiptist upp í 8 greinar sem tilgreina m.a. samningsaðila, skýringar og tilgang, ábyrgð, skyldur sveitarfélagsins, skyldur Þjóðskrár Íslands, þjónustu Þjóðskrár Íslands, kostnað/fjármögnun kerfisins.

Skyldur sveitarfélagsins eru m.a. þær að sveitarfélagið ber ábyrgð á þeim gögnum sem til verða eða færð eru inn í Álagningarkerfið þar á meðal hve lengi gögnin eru geymd.

Fjármála- og áhættustýringarsvið mælir með því að borgarráð veiti heimild til þess að ganga frá ofangreindum samning.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.